

Mál nr. 470/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkratrygging.

Gildissvið váttryggingar. Hugtakið varanleg örorka.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 30. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. mars 2025, ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sendi tjonstilkynningu til V 1. febrúar 2023. Þar lýsti M einkennum kvíða og þunglyndis sem hafi gert vart við sig í kjölfar umferðarslyss sem M varð fyrir á árinu 2018. V upplýsir að eftir gagnaöflun hafi bótaskyldu úr sjúkratryggingu verið hafnað. Ástæðu höfnunarinnar hafi V sagt vera þá að fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn hafi ekki bent til þess að varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum sjúkdóms gæti numið að lágmarki 25 stigum, en samkvæmt grein 3.1 í þeim skilmálum sem gilda um sjúkratryggingu greiðist bætur ekki fyrir varanlega læknisfræðilega örorku sem er lægri en 25 stig.

Í málskoti er á því byggt að með sjúkratryggingunni hafi V tekið að sér gegn greiðslu að bæta M þann starfsorkumissi sem rekja má til sjúkdóms sem M greinist með á váttryggingartímabilinu. Telur M að í málinu liggi fyrir gögn sem staðfesti að hann búi við verulega skert aflahæfi og víðtæka færniskerðingu sökum líkamsáverka sinna. Telur M sig eiga rétt á að fá tjon sitt bætt úr sjúkratryggingunni. Færir M m.a. eftirfarandi rök máli sínu til stuðnings. Í 1. gr. skilmálanna komi fram að V greiði bætur við starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er váttryggður verður fyrir. Sé sjúkratímabil það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku sé fyrir hendi af völdum sjúkdóms. Þá komi fram í 3. gr. skilmálanna að bætur greiðist ef sjúkdómurinn veldur varanlegri örorku. Telur M að með því að nota hugtökin varanleg örorka og starfsorkumissir í skilmálunum sé ekki ætlunin að tjónið verði metið eins og um sé að ræða varanlegan miska eða varanlega læknisfræðilega örorku. Þvert á móti séu hér á ferð hugtök þar sem áherslan sé lögð á starfsörorku tjónþola. M byggir því bótakröfu sína á því að V hafi skuldbundið sig til að greiða M bætur að því gefnu að hann glati starfsorku sinni til lengri eða skemmri tíma af völdum sjúkdóms. Höfnun V á bótaskyldu með þeim rökum að varanlegur miski M hafi ekki náð 25 stigum eigi því ekki við rök að styðjast. Hvað nánar varðar túlkun hugtaksins varanleg örorka í grein 3.1 í skilmálum bendir M á að almenn orðskýring á váttryggingarsviði tryggingarinnar, samkvæmt 1. gr. skilmálanna, leiði til þessa. V geti ekki lagt að jöfnu starfsorkumissi M og varanlegan miska samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Bendir M einnig á að sá munur sem er gerður í skaðabótalögum á hugtökunum varanlegur miski og varanleg örorka, gangi gegn þeirri túlkun V að með orðalaginu varanleg örorka í skilmálum sé átt við varanlegan miska. Hafi sú verið ætlunin hefði V verið í lófa lagið að kveðja skýrt á um það í skilmálum. Bendir M jafnframt á að ef vafi leikur á um innihald skilmála skuli þeir túlkaðir váttryggingartaka í hag. Þá hljóti hugtakið varanleg örorka í grein 3.1 í skilmálum að verða túlkað í samræmi við afmörkun V á váttryggingarsviði tryggingarinnar, þar sem gert sé ráð fyrir að bæta eigi starfsorkumissi váttryggðs. Krefst M þess að fyrirbyggjandi mat á orkutapi og starfsorkumissi M fyrir lífeyrissjóð sem liggur fyrir í málinu verði lagt til grundvallar uppgjöri. Í því mati sé M metinn 75% ófær um störf á almennum vinnumarkaði. Telur M að gögn málsins sýni að sú skerðing sem orðið hafi á starfsorku hans af völdum sjúkdóms sé langt umfram 25% takmörkin sem gert er ráð fyrir í skilmálum hjá V. M krefst þess því að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr sjúkratryggingunni hjá V.

Í athugasemdum til nefndarinnar, dags. 30. janúar 2025, upplýsir V að þegar M hafi gert váttryggingarsamning árið 2015 hafi hann ekki óskað eftir vernd vegna tímabundins starfsorkumissis. Því hafi váttryggingin takmarkast við bætur vegna varanlegrar örorku samkvæmt 3. gr. skilmálanna. Hvað varðar athugasemdir M í málskoti um hugtakanotkun bendir V á að „starfsorkumissir“ sé hugtak sem hafi þýðingu varðandi bótalið 4. gr. skilmálanna sem eigi við um bætur vegna tímabundins starfsorkumissis, þ.e. þegar váttryggður verður óvinnufær um tiltekið tímabil. Þá vernd hafi M hins

vegar ekki haft. Hvað hugtakið varanleg örorka varðar þá telur V að það geti haft mismunandi merkingar eftir samhengi. Þannig komi fram í skilmálum fyrir sjúkratrygginguna að bætur fyrir varanlega örorku greiðist á grundvelli læknisfræðilegs mats óháð atvinnufærni, sérstökum hæfileikum eða starfi váttryggðs. Í grein 3.1. sé því tekið skýrt fram að örorka skuli metin á hlutlægum læknisfræðilegum grunni, óháð atvinnufærni, sérstökum hæfileikum eða starfi váttryggðs. Af þessu leiði að samkvæmt váttryggingarsamningi hafi M aðeins verið tryggður fyrir varanlegri læknisfræðilegri örorku vegna sjúkdóms, en ekki skertri starfsorku. Telur V að þessi hugtakanotkun í grein 3.1 vísi, eðli málsins samkvæmt, til læknisfræðilegrar örorku eða varanlegs miska, en ekki varanlegrar fjárhagslegrar örorku eða starfsorkumissis.

V nefnir að af hálfu M virðist byggt á því að ýmis læknisvottorð og matsgerðir bendi til þess að aflahæfi hans sé verulega skert vegna stoðkerfiseinkenna sem málskotsaðili hafi hlotið í kjölfar slyss árið 2018. Telji M sig því eiga rétt á bótum úr tryggingunni. Bendir V á að M geri hér engan greinarmun á einkennum sem rekja megi til slyssins árið 2018 og þeirra sem orsakast af sjúkdómi, en váttryggingin nái eingöngu til síðara tilviksins. Þá bendir V á að vísað sé til skýrslna, vottorða og matsgerðar sem allar eigi það sameiginlegt að lýsa eða meta skerðingu á starfsorku M, en skerðing á starforku hafi engin áhrif á bótarétt M úr sjúkratryggingunni. Þá telur V að stoðkerfisvandamál af völdum slyssins falli bersýnilega ekki undir trygginguna. Því hafnar V því að umrædd gögn hafi efnislega þýðingu við mat á bótaskyldu úr tryggingunni, nema að því leyti sem unnt er að draga af þeim ályktanir um miskastig af völdum sjúkdóms M.

Vísar V til þess að til að skera úr um hvort M ætti rétt á bótum samkvæmt váttryggingarsamningi hafi félagið metið eðli og orsök heilsufarsvandamála hans með hliðsjón af skilmálum váttryggingarinnar. Af sjúkragögnum hafi mátt ráða að málskotsaðili hafði glímt við stoðkerfisverki og hreyfiskerðingu sem hafi haft áhrif á starfsgetu hans í kjölfar umferðarslyss árið 2018. Þá hafi legið fyrir að M hafi þegar verið metinn til fullrar örorku af Tryggingastofnun vegna afleiðinga slyssins. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði komi m.a. fram að borið hafi á andlegri vanlíðan eftir slysið en að góður árangur hafi náðst með andlegu hliðina. Eftir yfirferð gagna segist V hafa komist að þeirri niðurstöðu að gögn málsins bentu ekki til þess að miski M af völdum sjúkdóms gæti verið nálægt 25 stiga lágmarkinu sem skilmálarnir kveða á um. Því hafi bótaábyrgð verið hafnað 6. júní 2023 án þess að sértakt læknisfræðilegt mat færi fram.

Í kjölfar höfnunar hafi V borist matsgerð, sem aflað var í tengslum við umferðarslysið árið 2018. Hafi það mat verið framkvæmt án aðkomu félagsins en þó í samræmi við gr. 3.1. í skilmálum tryggingarinnar. Niðurstaða matsins hafi verið sú að einkenni kvíða og þunglyndis skyldi meta til 10 stiga miska. Bendir V á að það miskastig sé langt undir þeim 25% lágmarksmörkum sem skilmálarnir kveða á um. V telur því ljóst að höfnun bótaábyrgðar hafi verið réttmæt og byggð á traustum forsendum.

Til viðbótar framangreindu benti V á að þó að höfnunarbréf félagsins hafi trúlega ekki uppfyllt formaskilyrði 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 teldi félagið engu að síður að M hafi fyrirgert bótarétti sínum, ef einhver hafi verið, með tómlæti. Bendir V á í því sambandi að umboðsmaður M hafi verið komin með öll gögn málsins í hendur 12. júní 2023 og því haft fullnægjandi ástæðu til að kæra ákvörðun V. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en 18 mánuðum síðar.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 25. febrúar 2025, kemur fram að ekki er lengur ágreiningur um það að sjúkratrygging M gildir einungis um tjón vegna varanlegrar örorku af völdum sjúkdóma. Hvað varðar ágreining um varanlega örorku M þá er gerð athugasemd við skort á gögnum frá V. Þá telur M að málátilbúnaður V í athugasemdum félagsins til nefndarinnar sýni fram á þann óskírleika og hugtakarugling sem sé til staðar í sjúkratryggingarskilmálum. Í því samhengi áréttar M að þegar svo háttar til eigi að túlka óljósa skilmála váttryggingartaka í hag. Hvað varðar kærufrest þá telur M að túlkun V eigi sér ekki stoð í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

Með viðbótarathugasemdum V, dags. 4. mars 2025, bárust nefndinni frekari gögn m.a. varðandi heilsufar M og afleiðingar umferðarslyss 2018. Hvað varðar rök M varðandi hugtakanotkun í

sjúkratryggingarskilmálum bendir V m.a. á að samkvæmt 3. gr. skilmálanna skuli varanleg örorka metin í hundraðshlutum á grundvelli læknisfræðilegs mats á skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Bendir V á að slík örorka sé gjarnan kölluð varanleg læknisfræðileg örorka og því sé vísað til hennar sem slíkrar í fyrri athugasemdum V. Þá tekur V fram að vísað sé til starfsorkumissis í skilmálum þar sem váttryggingartökum stendur jafnframt til boða að tryggja sig sérstaklega fyrir tímabundnum missi starfsorku samkvæmt 4. gr. sömu skilmála. M hafi hins vegar aðeins keypt váttryggingu sem metin skyldi skv. 3. gr. skilmálanna. Þá telur V að ekki sé til staðar eðlis- eða orðalagsvafi varðandi framangreind hugtök. Bendir V einnig á að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að M hafi verið veittar misvísandi eða rangar upplýsingar af hálfu félagsins við gerð váttryggingarsamningsins. Þá liggi heldur ekkert fyrir um hvaða huglægu væntingar málskotsaðili sjálfur hafði við töku tryggingarinnar. Að mati V sé því óumdeilanlegt að M hafi sótt um og keypt sjúkratryggingu og að í skilmálum hennar sé mælt fyrir um að mat á varanlegri örorku skuli fara fram í samræmi við 3. gr. skilmálanna. Telur V að gögn málsins sýni fram á að varanleg örorka M af völdum sjúkdóma sé ekki nægjanlega mikil til þess að hann eigi bótarétt úr tryggingunni. Hvað kærufrestinn varðar, þá bendir V á að það sé skoðun félagsins að formgalli eins og sá sem átti sér stað geti ekki leitt til þess að kærufrestur verði óendanlegur.

Álit.

Eins og komið hefur fram er uppi ágreiningur í málinu um hvort M hafi fyrirgert bótarétti sínum vegna tómlætis. Þannig byggir V á því að þrátt fyrir að höfnunarbréf félagsins hafi trúlega ekki uppfyllt formskilyrði 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hafi M fyrirgert hugsanlegum bótarétti sínum, vegna tómlætis. Benti V á í því sambandi að umboðsmaður M hafi verið komin með öll gögn málsins í hendur 12. júní 2023 og því haft fullnægjandi ástæðu til að kæra ákvörðun V. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en 18 mánuðum síðar. Nefndin telur að eins og mál þetta horfir við, og að teknu tilliti til þess að V uppfyllti ekki formkröfur 2. mgr. 124. gr. framangreindra laga, séu ekki forsendur til að fallast á þá kröfu að M hafi fyrirgert hugsanlegum bótarétti sínum vegna tómlætis.

Að öðru leyti snýr ágreiningur í málinu að því hvort M eigi rétt á bótum úr sjúkratryggingu hjá V vegna varanlegrar örorku. Í grein 3.1. í skilmálunum fyrir sjúkdómatryggingu segir: „Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirra váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 17., 18. og 19. gr. Vegna algerrar örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin en við minni örorku hlutfallslega eftir orkumissi. Við ákvörðun örorku skal fylgt eftirfarandi reglum: Örorku skal meta í hundraðshlutum og skal beitt læknisfræðilegu mati. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Öroka getur aldrei talist meiri en 100%. Lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki.“

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að framangreint orðalag kveði ótvírætt á um að mat á varanlegri örorku sé læknisfræðilegt mat en ekki mat á varanlegri fjárhagslegri örorku eða starfsorkumissi. Nægir í því sambandi að benda aftur á orðalagið varðandi hið læknisfræðilega mat: „Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu.“ Þó svo að í skilmálunum sé ekki beinlínis nefnt að framangreint orðalag merki að í raun sé um að ræða mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku eða varanlegum miska eins og það hugtak er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, bendir það þó að mati nefndarinnar ótvírætt til þess að matið eigi að vera þess eðlis. Hér bendir nefndin einnig á að hugtökin varanleg læknisfræðileg örorka og varanlegur miski eru eðlislík. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu tekur nefndin að hluta til undir þá gagnrýni á hugtakanotkun skilmálanna sem er að finna í málatilbúnaði M. Í því sambandi bendir nefndin sérstaklega á að það getur verið varhugavert fyrir V að nota hugtakið varanleg örorka með þeim hætti sem raunin er í skilmálunum. Ekki síst gildir þetta eftir að það var staðfest í Hrd. 15. nóvember 2001 í máli nr. 215/2001 að eftir lögfestingu skaðabótalaga nr. 59/1993 hafi hugtakið varanleg örorka fengið lögakveðna merkingu, sem er fjárhagsleg örorka sbr. 5. gr. þeirra laga. Gildi þetta í raun bæði um uppgjör skaðabótakrafna og margs kyns kröfur um váttryggingabætur.

Í málinu liggur m.a. fyrir matsgerð þar sem metnar eru afleiðingar umferðarslyss sem M lenti í 2018. Þar kemur fram að M glími við þunglyndi í kjölfar þess slyss. Með vísan í grein J.3.1 í dönsku miskatöflunni meta matsmenn varanlegan miska af þessum völdum vera 10 stig. Ekki liggja fyrir í

málinu önnur gögn þar sem metinn hefur verið varanleg læknisfræðileg örorka eða varanlegur miski M af völdum sjúkdóma. Nefndin telur því að ekki liggi fyrir í málinu gögn sem sýnt gætu fram á að uppfyllt sé það skilyrði skilmála sjúkratryggingarinnar að ekki sé bætt tjón nema varanleg örorka sé metin 25% eða meiri. Nefndin telur því að M eigi ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir